



## Hreppsnefnd 25.03.10

hreppsnefnd 25.03.10

Hreppsnefndarfundur haldinn fimmtudaginn 25. mars 2010 kl. 12:00 í félagsheimilinu Miklagarði.

Mætt til fundar: Aðalbjörn Björnsson, Ólafur K. Ármannsson, Borghildur Sverrisdóttir, Halldóra S. Árnadóttir, Þórdís Þorbergsdóttir, Kristín H. Reynisdóttir og Skúli Þórðarson.

Einnig mættir: Magnús Jónsson, endurskoðandi KPMG, Þorsteinn Steinsson, sveitarstjóri, og Magnús Már Þorvaldson, er ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 18. mars sl.  
Lögð Fram fundargerð hreppsnefndar frá 18. mars sl.  
Fundargerðin síðan samþykkt.

2. mál. Ársreikningur Vopnafjarðarhrepps A-og B-hluta fyrir árið 2009.-Fyrri umræða-  
Á fundinn mætti endurskoðandi KPMG, Magnús Jónsson. Lagður fram ársreikningur Vopnafjarðarhrepps fyrir árið 2009 fyrir A- og B-hluta sjóði, ásamt sundurliðunum. Jafnframt lögð fram skýrsla endurskoðanda með ársreikningum 2009. Ennfremur lögð fram greinargerð sveitarstjóra með ársreikningum ársins 2009. Gerði hann síðan grein fyrir fyrirbyggjandi gögnum og las upp greinargerð sína sem er svofelld:

„Ársreikningar Vopnafjarðarhrepps A- og B-hluta sjóða fyrir árið 2009 eru lagðir fram til fyrri umræðu á fundi hreppsnefndar hér í dag, 25. mars 2010. Alls samanstanda reikningarnir af 12 sjóðum sem skiptast í 3 A- hluta sjóði og 9 B-hluta sjóði.

Heildartekjur A- hluta sveitarsjóðs voru 436,6 m. kr., þar af voru útsvar og fasteignaskattur 213,0 m.kr., framlög Jöfnunarsjóðs 133,4 m. kr. og aðrar tekjur 90,1 m. kr.

Heildargjöld A- hluta voru á hinn vænginn 349,1 m. kr., fyrir afskriftir og fjármagnsliði. Að viðbættum afskriftum 24,2 m.kr. eru gjöld A- hluta 373,3 m.kr. og þegar tekið hefur verið tillit til fjármunatekna og fjármagnsgjalda að fjárhæð 40,5 m.kr. er rekstrarniðurstaða A-hluta jákvæð um 22,8 m.kr.

A- hluti sveitarsjóðs skilar samkvæmt þessu 87,5 m.kr. í hagnað fyrir afskriftir og fjármagnsliði svokölluð EBITDA, en samstæðan öll, þ. e. A- hluti að viðbættum B-hluta sjóðum er rekin með liðlega 125,3 m. kr. hagnaði á sama grunni, þ. e. EBITDA.

Heildartekjur samstæðunnar allrar voru 537,7 m. kr., en heildarútgjöld hennar þegar tekið hefur verið tillit til afskrifta að fjárhæð 39,9 m. kr., voru 452,4 m.kr. Rekstrarniðurstaða fyrir

fjármagnsliði var því jákvæð í samstæðunni um 85,3 m.kr. Þegar aftur á móti tekið hefur verið tillit til niðurstöðu fjármunatekna og –gjalda, að fjárhæð 130,8 m.kr. kemur í ljós að samstæðan öll var rekin með 45,5 m. kr. rekstrarhalla. Hefur þá verið tekið tillit til reiknaðra afskrifta að fjárhæð 39,9 m.kr., sem eru í raun reiknuð fjárhæð sem tekin er frá til viðhalds eigna sveitarfélagsins. Ennfremur hefur verið reiknað með fjármagnsliðum sem námu nettó 130,8 m.kr. Af þessu má sjá að fjármagnskostnaður vegur gríðarlega þungt í rekstrarútkomu sveitarfélagsins fyrir árið 2009, enda þó hann hafi lækkað úr 198,2 m.kr. á árinu 2008 eða um 67,4 m.kr. Hinn hefðbundni rekstur sveitarfélagsins, þ.e. laun og rekstrargjöld, hækkar ekki nema um líðlega 3,1% eða úr 400,2 m. kr. 2008 í 412,5 m.kr. árið 2009. Heildargjöld að teknu tilliti til fjármagnsgjalda lækka um 8,2 % eða úr 635,1 m.kr. í 583,2 m.kr.

Í neðangreindri töflu sést hvernig útgjöldin skiptast.

Í heild skiptast útgjöld samstæðunnar þannig:

Árið 2008 Árið 2009

M.kr. % M.kr. %

Laun og launatengd gjöld 230,2 36,1 233,6 40,1

Breyting lífeyrisskuldbindinga 4,6 0,7 1,2 0,2

Annar rekstrarkostnaður 165,4 26,0 177,7 30,4

Afskriftir 36,7 5,8 39,9 6,8

Fjármagnstekjur/fjármagnsgjöld 198,2 31,2 130,8 22,4

---

Samtals 635,1 100,0 583,2 100,0

Af framansögðu er ljóst að afkoma sveitarsjóðs er þröng þegar tekið hefur verið tillit til afskrifta og fjármagnsliða. Neikvæð rekstrarniðurstaða skýrist að langstærstum hluta af þeirri stóru verðbótafærslu sem gjaldfærð er vegna lána sveitarfélagsins. Ljóst er að hraði verðbólgunnar á síðasta ári hefur haft veruleg áhrif á uppgjör ársins 2009, enda þótt afkoman sé mun betri en árið 2008. Eins og að framan segir þá er afkoma samstæðunnar neikvæð um 45,5 m.kr. á árinu 2009, samanborið við 127,6 m.kr. á árinu 2008.

Mikilvægt er að stjórnvöldum takist vel til við að koma böndum á verðbólgu drauginn. Takist það ekki er nánast víst að mörgum sveitarfélögum, fyrirtækjum og heimilum er stefnt í voða hvað rekstrarkostnað varðar.

Á liðnu ári var gripið til ýmissa aðgerða til þess að lækka rekstrarkostnað og reynt að vera á tánum hvað varðar rekstrarkostnað hinna mismunandi deilda í góðri samvinnu við forstöðumenn deildanna. Í stórum dráttum má segja að á þessum liðum hafi tekist vel til við að halda í horfinu. Laun og önnur rekstrargjöld hækkuðu samtals um 3,1 % eða úr 400,2 m.kr. árið 2008 í 412,5 m.kr. árið 2009. Þetta verður að teljast nokkuð góður árangur, þar sem hinar mismunandi rekstrarvörur hafa hækkað verulega í verði. Nægir þar að nefna rafmagn, olíur og matvæli svo dæmi séu tekin. Þetta finna heimilin í landinu vel á pyngjunni sinni.

Til stóð á árinu að selja nokkurn hluta hlutabréfa sveitarfélagsins í HB Granda, sú aðgerð varð ekki að raunveruleika. Af þessum sökum er rekstrarafkoma sveitarfélagsins verri en áætlað var vegna þess að söluhagnaður, sem fengist hefði við sölu, tekjufærisk ekki, og einnig fyrir það að fjármagna varð með öðrum hætti andvirði þess, sem fengist hefði fyrir sölu. Alls var áætlað að selja bréf að markaðsvirði 98,7 m.kr. í fjárhagsáætlun 2009. Af

Þessari fjárhæð var áætlað að tekjufæra í rekstri 49,6 m.kr., sem nægt hefði til að slátra halla samstæðunnar sem er 45, 5 m.kr. eins og greint hefur verið frá. Í þessum efnunum er rétt að geta þess að til skoðunar hefur verið hvort æskilegt er að greiða upp allar skuldir Skipphólma ehf., sem stofnað var til vegna kaupa á hlutfé í Tanga h/f, nú HB Granda h/f. Þessi aðgerð ein og sér mundi lækka fjármagnsgjöld allmikið á ársgrundvelli miðað við þau vaxtakjör, sem eru í gangi nú.

Hugmyndir hafa einnig verið uppi um að ganga lengra í sölu eigna og greiða upp enn stærri hluta heildarskulda, sem lækka mundi fjármagnsgjöld til muna. Til mikils er að vinna á þessu sviði þar sem vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur í samstæðunni allri eru 130,8 m.kr. Helstu eignir sem hugsanlegt er að selja í þessu sambandi eru hótél, íbúðir, jarðir og hlutabréf sem eru í eigu sveitarfélagsins og ekki er nauðsynlegt að eiga til þess að sinna lögbundnum skyldum sveitarfélagsins. Við gerð ársreikninga sveitarfélagsins fyrir árið 2005 var tekið á ýmsum þáttum með öðru sniði en áður hafði verið gert. Meðal annars voru færðar upp lífeyrisskuldbindingar, áfallið ótekið orlof og óbeinar afskriftir. Þessi háttur er einnig viðhafður í uppgjöri ársins 2009. Lífeyrisskuldbindingar alls í efnahagsreikningi eru 43,9 m.kr. í árslok 2009.

Varðandi nánari útlistun á þessum hlutum er að öðru leyti vísað til endurskoðunarskýrslu KPMG með ársreikningi 2009 og skýringa með ársreikningi.

Á árinu var reynt að lágmarka framkvæmdir. Einungis var reynt að ljúka við nauðsynlega þætti, sem í gangi höfðu verið og greiddur hluti af nýjum slökkvibíl, sem sveitarfélagið er að kaupa í samvinnu við Flugstoðir ohf. Bíllinn er í smíðum á Ólafsfirði og er stefnt að því að hann verði afhentur sveitarfélaginu um mánaðarmótin mars/apríl 2010.

Fjárfesting á varanlegum rekstrarfjármunum nam því einungis 9 m.kr. nettó þ. e. þegar tekið hefur verið tillit til framlaga frá Siglingastofnun, Flugstoðum ohf. og á fjárlögum til mismunandi verkefna. Ráðstöfun þessi var liður í því að reyna sem frekast var kostur að lágmarka þörfina fyrir nýjar lántökur.

Meginhluti langtímalána sveitarfélagsins eru tengd vísitölu neysluverðs og eru reiknaðar verðbætur og gengismunur ársins 77,2 milljónir. Fjárhæð þessi kemur til hækkunar á höfuðstól lána sveitarfélagsins og á móti er fjárhæðin færð til gjalda í rekstri þess árið 2009, en kemur til greiðslu á eftirstöðvatíma lánanna. Ljóst má því vera að verðbólguþróun ræður miklu um afkomutölur sveitarfélaga til framtíðar.

Í heild eru erlend lán sveitarsjóðs um 6,4 % heildarlána og er ljóst að miðað við gengisfall íslensku krónunnar þá hefði reiknaður gengismunur orðið mun hærra tala hefði hlutfall erlendra lána verið hærra. Það hlýtur því að teljast athugunarefni hversu hátt þetta hlutfall ætti að vera og ljóst er að mörg sveitarfélög eru með mjög hátt hlutfall erlendra lána, sem þau hafa vafalítið tekið í krafti mikils vaxtamunar á erlendum og innlendum lánunum.

Í samstæðunni í heild voru greidd niður lán að fjárhæð 87,9 m. kr. á árinu en á móti voru tekin ný lán að fjárhæð 90,1 m.kr. Þar af er 45 m.kr. lánsheimild frá árinu 2008, sem ekki tókst að hefja sökum lánsfjárruðar hjá lánastofnunum eins og Lánasjóði sveitarfélaga, þar sem þetta lánsloforð hafði verið gefið. Ný langtímalán vegna ársins 2009 eru því í raun rétt um

45 m.kr.

Sökum reiknaðra verðbóta að fjárhæð 77,2 m.kr. og lántöku í upphafi árs vegna ársins 2008 hækka langtímalán úr 820,4 m.kr. árið 2008 í 921,6 m.kr. árið 2009 eða um 101,2 m.kr. í samstæðunni allri. Enn og aftur komum við að því hversu mikilvægt það er fyrir reksturinn að ná niður verðbólgunni. Skammtímaskuldir lækka á hinn vænginn úr 235,1 m.kr. í 177,9 m.kr. eða um 57,2 m.kr. Í heild hækka því skuldir og skuldbindingar sveitarfélagsins einungis úr 1.103,6 m.kr. í 1.148,4 m.kr. eða um 44,8 m.kr.

Í sjóðstreymi samstæðunnar kemur síðan fram að þegar leiðrétt hefur verið fyrir afskriftum, verðbótum -og gengismun, og skuldbindingum er veltufé frá rekstri jákvætt um 71,6 m.kr. og þegar tekið hefur verið til viðbótar tillit til breytinga á rekstrartengdum eignum og skuldum þá kemur fram að handbært fé frá rekstri er jákvætt um 21,4 m.kr. Þetta fjármagn gengur síðan ásamt nýjum lántökum til greiðslu á fjárfestingum og afborgunum lána eins og fram hefur komið.

Að öllu þessu töldu kemur fram að handbært fé í árslok er 16,6 m.kr. en var í upphafi ársins 24,3 m. kr.

Í árslok 2009 átti Vopnafjarðarhreppur hlutabréf í HB Granda að nafnvirði 39,6 m.kr. og voru þau bókfærð á 208 m.kr. Líklegt er að ef hlutabréfin yrðu seld þá yrðu þau á gengi sem væri einhversstaðar nálægt genginu 10. Rétt er þó að geta þess að markaðsgengið hefur rokkað nokkuð til á síðustu misserum, enda eru þau ekki á virkum markaði. Sölur bréfa HB Granda á árinu 2009 eru fáar og geta engan veginn verið stefnumarkandi um rétt gengi þessara bréfa. Vopnafjarðarhreppur á einnig hlutafé í ýmsum öðrum fyrirtækjum og er þar helst að nefna Lánasjóð Sveitarfélaga ohf., Sláturfélag Vopnfirðinga ehf., Drekasvæðið ehf, Skiphólma ehf., Arnarvatn ehf. o.fl.

Eins og margoft hefur verið bent á er á hverjum tíma umhugsunarefni forsvarsmanna sveitarfélagsins hvað heppilegast er að gera við eignir af þessu tagi, þrátt fyrir að ávöxtun þessara hlutabréfa hafi verið góð síðustu ár.

Gert hefur verið ráð fyrir því í 3ja ára fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árin 2011-2013 að tekin verði ákveðin skref í því að afsetja bréfin þ.a. andvirði þeirra nýtist sem best til góðra hluta í sveitarfélaginu, hvort heldur er til uppgreiðslu lána eða annarra hluta sem nauðsynlegir eru taldir. Þessi mál verða til nánari umfjöllunar og ákvarðanatöku á næstu árum.“

Að lokinni yfirferð sinni lagði sveitarstjóri til að ársreikningum sveitarfélagsins fyrir árið 2009 yrði vísað til síðari umræðu í sveitarstjórn.

Endurskoðandi KPMG, Magnús Jónsson, fór síðan skilmerkilega yfir ársreikningana og endurskoðunarskýrslu sína með ársreikningum sveitarfélagsins fyrir árið 2009.

Að yfirferð lokinni þakkaði oddviti fyrir greinargóðar lýsingar beggja, síðan fóru fram umræður og fyrirspurnir þar sem endurskoðandi ásamt sveitarstjóra svöruðu framkomnum fyrirspurnum.

Að þessu loknu bar oddviti upp fyrirliggjandi tillögu um að vísa ársreikningunum til síðari umræðu.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:00